

Fjallabyggð



TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI - SNORRAGATA Á SIGLUFIRÐI -

Greinargerð

31. mars 2011

Skipagata 12
Akureyri
Sími: 461-2800
www.teikn.is
info@teikn.is



EFNISYFIRLIT

1 Inngangur	3
2 Forsendur	3
3 Gildandi skipulög	3
4 Skipulagstillagan	4
4.1 Gatnakerfi	4
4.2 Byggingar	5
4.3 Bílastæði	8
4.4 Göngustígar og útisvæði	9
4.5 Gróður	14
4.6 Smábátahöfn	14
5 Skipulagsskilmálar	15
5.1 Skipulagssvæðið	15
5.2 Lóðir	15
5.3 Húsagerðir	15
5.4 Vegir	15
5.5 Bílastæði	16
6 Umhverfismat áætlana	16
6.1 Umhverfisviðmið og tengsl við aðrar áætlanir	16
6.2 Umhverfispættir	16
6.3 Valkostir	17
6.4 Samantekt	17
7 Kynning og samráð	18
8 Málsmeðferð og afgreiðsla	19

Skipulag þetta er unnið á teiknistofunni Teikn – ráðgjöf og hönnun af Halldóri Jóhannssyni og Lilju Filippusdóttur landslagsarkitektum. Meðfylgjandi greinargerð þessari eru deiliskipulags- og skýringaruppdættir í mkv. 1:1.500 dagsettrir 31. mars 2011.

1 INNGANGUR

Siglufjörður er þekktur fyrir mikinn uppgang á síldarárunum 1867-1968 en þá kynntust íslenskir sjómenn afkastameiri veiðarfærum og vélbátum. Íbúafjöldi á Siglufirði jókst hratt og fjöldi bryggja voru reistar í lægi við eyrina. Þar sem Snorragata er nú stóðu verbúðir, söltunarstöð, bræðsluhús, bátahús og fleira. Þau hús sem eftir standa, auk nokkurra nýrra, eru nú hluti af Síldarminjasafni Íslands.

2 FORSENDUR

Síldarminjasafn Íslands hefur verið starfrækt síðan 1994 og vaxið ört. Vaxandi starfsemi á safninu kallar á aukið landrými til frekari uppbyggingar þess auk tengdrar starfsemi á borð við hótél.

Siglufjörður býður uppá ýmsa affreyngu fyrir ferðamenn og með tilkomu Héðinsfjarðarganga má gera ráð fyrir aukinni gestakomu í þéttbýlið að sumri sem vetri. Framboð á gistirými á Siglufirði er takmarkað og mun bygging nýs hótels hvetja til frekari uppbyggingar í ferðaþjónustu.

Skipulagssvæðið tekur á heildstæðu skipulagi safnasvæðisins auk hótélreits. Skipulagssvæðið er um 7,45 ha að stærð og skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnanir og verslunar- og þjónustusvæði.

3 GILDANDI SKIPULÖG

Deiliskipulagstillaga þessi er í samræmi við Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028 en það skilgreinir svæði fyrir þjónustustofnanir (appelsínugult) á stærstum part deiliskipulagssvæðisins auk verslunar- og þjónustusvæðis (gult) á framtíðar landfyllingu. Einnig er óbyggt svæði meðfram syðri hluta Snorragötu.



Kort 1 Gildandi Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028.


4 SKIPULAGSTILLAGAN

4.1 Gatnakerfi

Snorragata er tengibraut sem afmarkast af Norðurtúni í suðri og Suðurgötu í norðri. Ráðgerð er færsla á hluta götunnar til austurs miðað við núverandi legu. Gatan verður 7m breið og malbikuð að mestu en framan við safnasvæðið verður gatan hellulögð. Hellulögnin dregur úr umferðarhraða og undirstrikar umferð gangandi fólks.

Í skipulagstillögu þessari mun koma til fjögurra landfyllinga, bæði vegna færslu á Snorragötu og byggingu hótels, samtals um 5.300 m². Þrjár fyllingar eru um 1.700 m² og ein um 300 m² sem er framlenging á sjóvarnargarðinum við syðri smábátahöfnina.

Skipulagið tekur til gatnamóta Norðurtúns og Snorragötu þar sem lagt er til að byggt verði hringtorg til að hægja á umferð inn í þéttbýlið. Þessi breyting á gatnamótunum er tilkomin vegna nýrrar aðkomu í þéttbýlið við opnun Héðinsfjarðarganga. Samhliða nýju hringtorgi er þörf á breyttum tengingum inn Hafnargötu og Eyrarflöt. Sú tenging er ekki hluti af deiliskipulaginu og útfærist síðar. Skipulagið nær ekki til gatnamóta við Suðurgötu í norðri.



Kort 2 Tillaga að hringtorgi á gatnamótum Norðurtúns og Snorragötu, Gatnamót Norðurtúns við Eyrarflöt og Hafnargötu útfærist síðar og er hér eingöngu sýnt til skýringar.

4.2 Byggingar

Gert er ráð fyrir fimm byggingarreitum, fjórum á safnasvæðinu þ.e. fyrir lýsistank (S1), þjónustuhús (S2), þurrkhjall (S3) og naust (S4) og einum reit fyrir hótélbyggingu (H1) á fyrirhugaðri uppfyllingu.



Kort 3 Gert er ráð fyrir fimm byggingarreitum sem sýndir eru hér á skýringarupprætti.

S1 Lýsistankur (S1) er gamall aðfluttur tankur og verður honum komið fyrir norðan við Gránu. Um sýningargrip er að ræða og ekki gert ráð fyrir að í honum verði geymt nokkurt efni.

S2 Þjónustuhús (S2) safnsins er ráðgert á milli Róaldsbrakka og Gránu, þ.e. Snorragata 14. Góð aðkoma verður að húsinu með móttökutorgi framan við er gert ráð fyrir sleppisvæði fyrir bíla og rútur. Gott aðgengi verður milli allra bygginga safnsins eftir samtengdum göngustigum.

S3 Þurkhjallur (S3) verður byggður upp á milli Róaldsbrakka og Þjónustuhúss.

S4 Naust (S4) er ráðgert á landfyllingunni gegnt Róaldsbrakka. Gert er ráð fyrir að byggð verð skábraut úr naustinni í sjó fram til að sjósetja báta líkt og tíðkaðist á árum áður.

Mynd 1

Þjónustuhús mun svipa til Róaldsbrakka og annarra húsa safnsins.



Mynd 2

Útlit hótélbyggingar mun svipa til uppgerðra bygginga við Rauðkutorg.



H1

Hótelbygging (H1) er áætluð sunnan smábátahafnar og að hluta til á uppfyllingu. Hæð byggingar miðast við eina hæð og ris og mun útlit hennar vera í norskum sveitastíl í anda síldaráranna. Byggingin er L-laga og myndar skjólgott rými sem snýr móti sólu. Lega þess býður uppá útsýni úr herbergjum yfir smábátahöfnina til norðurs, hafnarsvæðið til austurs og safnasvæðið til suðurs og vesturs. Innan lóðar hótelbyggingarinnar er gert ráð fyrir smábátabryggju og sleppisvæði fyrir rútur og aðra bíla. Ekki verður gerð grein fyrir nánari útfærslu svæðisins í skipulagi þessu.



Mynd 3

Hugmynd af gerð og útliti hótelbyggingar.



Mynd 4


Hugmynd af gerð og útliti hótelbyggingar.

4.3 Bílastæði


Bílastæði fyrir hótलगesti eru áætluð norðan hótélbyggingar á núverandi bílastæði, eru þau 17 talsins auk 2 stæða fyrir hreyfihamlaða. Einnig er gert ráð fyrir nýjum bílastæðum beggja vegna Snorragötu 6, samtals 60 stæðum.

Ný bíla- og rútustæði fyrir safnasvæðið eru ráðgerð syðst á svæðinu, sunnan Ásgeirsskemmu. Þar er gert ráð fyrir 23 bílastæðum, 4 rútustæðum auk 2 stæðum fyrir hreyfihamlaða. Auðvelt er fyrir rútur að aka hringakstur um svæðið til að snúa við.

Alls eru ráðgerð 104 bílastæði í skipulaginu auk 4 rútustæða.



Kort 4 Skýringaruppráttur sýnir hér 60 bílastæði skipulögð við fyrirhugað hótél og núverandi smábáthöfn.



Kort 5 Bílastæðin sunnan safnasvæðisins munu þjóna rútum, safngestum og notendum fyrirhugaðrar smábátahafnar. Skýringaruppráttur.


4.4 Göngustígar og útisvæði

Í skipulagi þessu er gangandi vegfarendum gert hátt undir höfði með breiðum göngustígum, góðu aðgengi milli safnahúsa, áningarstöðum og sýningarsvæðum. Bilastæði eru bæði syðst og nyrst á skipulagssvæðinu og því er ekki gert ráð fyrir að bílum verði lagt annars staðar innan svæðisins. Snorrágata verður hellulögð að hluta sem mun leiða af sér hægari og öruggari bílaumferð fyrir gangandi sem og akandi vegfarendur.


Hellulagðir göngustígar verða beggja vegna Snorrágötu. Gert er ráð fyrir að stígarir verði 3 m breiðir og upplýstir með götulýsingu.

Gert er ráð fyrir opnu svæði framan við hótélbyggingu ásamt lítilli dokk fyrir nokkra báta. Að öðru leiti verður svæðið útfært nánar samhliða hönnun byggingar.

Framan við safnasvæðið eru leifar gamalla bryggja sem vert er að varðveita í tengslum við sögu síldveiðanna. Þar mun verða aðgengileg sandströnd og mun fólk geta komist í beina snertingu við sjóinn. Gert er ráð fyrir n.k. bryggjupalli/áningu sem aðgreinir dokkina við hótélbygginguna frá strandsvæðinu. Borð og bekkjum verður komið fyrir á áningarstaðnum til að hvílast og njóta útsýnis yfir safnasvæðið, minjar gömlu bryggjanna og umhverfi hótelsins.



Kort 6 Gert er ráð fyrir áningarstað og sandströnd til móts við Bálahúsið. Skýringaruppdráttur



Hugmynd af gerð áningarstaðar með útsýnispalli, borðum og bekkjum og aðgengi að sandströnd.

Mynd 5

Á gömlum myndum af Siglufirði má sjá fjölda bryggja skaga í sjó fram. Skilti með myndum og fræðandi efni um sögu sildaráranna verður komið fyrir á áningarstöðum.



Mynd 6

Leifar gamalla bryggja setja svip sinn á strandlengjuna og bera vott um horfna tíma. Þær ber að varðveita auk þess að miðla upplýsingum um gildi og hlutverk þeirra á árum áður.




Mynd 7

Sandströndin heillar - sjórinn lokkar og seyðir menn með sínum taktfasta öldugangi og freyðandi vatnstungum. Gert er ráð fyrir aðgengi að sandströnd.




Mynd 8

Dæmi um útsýnispall sem teygir sig fram yfir sjávarflötinn og gefur þá tilfinningu að staðið sé í stafni báts.



Timburpallar eru við innganga safnahúsanna og liggja gönguleiðir á milli þeirra. Framan við nýtt þjónustuhús er móttökutorg og sleppisvæði fyrir rútur og aðra bíla. Móttökutorgið verður hellu- og timburlagt með bekkjum og skreytt runna-/trjágróðri. Þar er einnig gert ráð fyrir sviði sem jafnframt nýtist sem stúkusvæði í skjóli við safnahúsið Gránu þar sem hópar geta t.d. safnast saman og hópstjórar haldið tölu eða starfsmenn safnsins uppfært stærri hópa. Móttökutorgið verður nánar útfært í samræmi við hönnun byggingarinnar.




Kort 7 Gert er ráð fyrir góðu og leiðandi aðgengi að safnahúsum og eftir bryggjukantinum. Skýringaruppráttur.

Núverandi útisýningarsvæði á landfyllingunni austan Róaldsbrakka verður áfram nýtt til að sýna báta og ýmsa aðra muni safnsins. Þar verður einnig athafnasvæði fyrir eigendur smábáta til að dytta að bátum sínum. Við smábátahöfnina er bryggjukantur og sýningarsvæði þar sem sjá má fyrir sér t.d. endurgerðan fiskihjall og jafnvel ker þar sem sýna má hinar ýmsu fiskitegundir. Á bryggjukantinum er áningarstaður með setsvæði.

Á sjóvarnargarði suðaustur af landfyllingu verða bekkir og sýningargripir sem geta vakið forvitni gesta safnsins. Af bekkjunum verður hægt að fylgjast með lífinu á smábátahöfninni eða virða fyrir sér legu lands og fjalla.

Hugmynd af gerð bryggjukants með fiskihjalli og áningarstað.




Mynd 9

Gamlar tryllur eru meðal þess sem verða til sýnis á útisýningasvæðinu.



Mynd 10

Dæmi um staura til götulýsingar við Snorragötu. Nýi tíminn er ríkjandi þó gamlar hefðir séu upphafnar í skipulaginu. Ryðgað járn gefur beina tengingu við nálægðina við sjóinn og áhrif hans á önnur efni.





Mynd 11

Á sýningarsvæðinu má t.d. byggja upp fiskihjall til sýnis með fræðsluefni um notkun þeirra ásamt dæmi um fleiri geymsluaðferðir á fiski. Smábátæigendur geta einnig nýtt sér hjallinn til þurrkunar.



Mynd 12

Dæmi um bekk á áningarstaðnum sem unninn væri úr rekavið.



Mynd 13

Dæmi um bekk sem sitja má á beggja vegna. Þeim má raða eftir sjóvarnargarðinum þar sem horft er yfir smábátahöfnina í aðra áttina og yfir fjörðinn í hina áttina.

4.5 Gróður

Leitast verður eftir að koma upp gróðri sem einkennir sjávarsíðuna við sjóvarnargarðana og eftir strandlengjunni s.s. melgresi, sæhvönn, fjöruarfa, blálilju og hrímblöðku.

Í brekkuna að baki safnasvæðisins verður plantað trjá- og runnagróðri. Þannig mun sígrænn- og ýmiss laufgróður mynda litskrúðugan, árstíðabundinn bakgrunn fyrir safnahúsin.

Mynd 14

Melgresi í fjörugrjóti og annar strandgróður verður notaður til að lífga upp á strandlengjuna



4.6 Smábátahöfn

Fyrirhuguð er smábátahöfn með flotbryggjum og bryggjukanti í dokkinni syðst á skipulagssvæðinu. Þar verða bryggjupláss leigð út fyrir smá- og skemmtibáta. Bryggjukanturinn er hluti af sýningarsvæðinu þar sem gangandi vegfarendum gefst kostur á að skoða t.d. ólíkar fisktegundir, fylgjast með lífinu á höfninni og marandi bátum af ýmsum stærðum og gerðum.

Ljóst er að bæta þarf lægi innan dokkarinnar og verður það útfært í samráði við Siglingastofnun. Á skýringarupprætti er sýndur flotgarður sem ein hugmynd að úrlausn þess vanda.

5 SKIPULAGSSKILMÁLAR

5.1 Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er skilgreint 7,45 ha að flatarmáli og er landnotkun innan reitsins skilgreind sem þjónustustofnanir, verslunar- og þjónustusvæði, miðsvæði og óbyggt svæði.

5.2 Lóðir

Lóðir innan skipulagssvæðisins eru átta talsins og eru eftirfarandi:

1. Ein bygging stendur á lóðinni, Snorragata 2. Stærð lóðar er 491 m²
2. Ráðgerð eru bílastæði á lóðinni. Stærð lóðar er 1.217 m²
3. Ein bygging stendur á lóðinni, Snorragata 6. Kvöð er um innkeyrslu af bílastæði á lóð 2 inn á lóð 3. Stærð lóðar er 1.002 m²
4. Ráðgerð eru bílastæði á lóðinni. Kvöð er um göngustíg ofan úr Suðurgötu niður á gangstétt við Snorragötu. Stærð lóðar er 838 m²
5. Ein bygging stendur á lóðinni, Snorragata 8. Kvöð er um göngustíg ofan úr Suðurgötu niður á gangstétt við Snorragötu. Stærð lóðar er 2.266 m²
6. Fimm byggingar standa á lóðinni, Snorragata 10, 12, 16 og 18 auk byggingar með vélasal. Byggingarreitir eru fyrir þrjú hús af gerðinni S1, S2, og S3. Ráðgerð eru bíla- og rútustæði á lóðinni. Stærð lóðar er 12.182 m²
7. Byggingarreitir er fyrir eitt hús af gerðinni H1 á lóðinni. Stærð lóðar er 6.241 m². Heimilt er að byggja bryggju utan byggingarreis.
8. Á lóðinni er skilgreint sýningar svæði og byggingarreitir fyrir eitt hús af gerðinni S4. Stærð lóðar er 791 m²

5.3 Húsagerðir

H1 – Hótelbygging að hámarki 5.000 m². Bygging skal vera allt að 2 hæðir og skal hæð þess ekki fara yfir 12 m.

S1 – Lýsistankur að hámarki 10 m². Hæð byggingar skal ekki fara yfir 7 m.

S2 – Þjónustuhús að hámarki 370 m². Bygging skal vera allt að 2 hæðir og skal hæð þess ekki fara yfir 7,5 m.

S3 – Þurkhjallur að hámarki 30 m². Hæð byggingar skal ekki fara yfir 3 m.

S4 – Naust að hámarki 60 m². Hæð byggingar skal ekki fara yfir 5 m.

Ekki er gert ráð fyrir fastri búsetu á svæði fyrir þjónustustofnanir.

5.4 Vegir

Á gatnamótum Snorragötu og Norðurtúns er gert ráð fyrir hringtorgi, 15,6 m í þvermál, og var skipulagt í samráði við Vegagerðina.

Malbikaðir vegir eru samtals um 770 m að lengd og hellulagðir vegir um 185 m að auki er 40 m langt hellulagt sleppisvæði.

5.5 Bílastæði

Fjögur svæði fyrir bílastæði og plön eru ráðgerð samtals um 4.370 m². Fjöldi stæða er 114 og þar af eru 4 stæði fyrir hreyfihamlaða, þ.e. tvö við Sildarminjasafnið og tvö við hótélbyggingu. 3 rútustæði eru við Sildarminjasafnið auk sleppisvæðis. Sleppisvæði er einnig áætlað fyrir utan hótélbygginguna sem verður nánar úfært við hönnun byggingar og umhverfis þess.

6 UMHVERFISMAT ÁÆTLANA

Tillaga að deiliskipulagi Snorragötu á Siglufirði felur í sér breytingu á legu götunnar, gerð hringtorgs og bílastæða, byggingu fimm bygginga auk þess sem gert er ráð fyrir fjórum minniháttar landfyllingum eða sjövörnum. Mun umhverfismatið taka t.d. á efnislegum verðmætum sem skapast, samfélagslegum áhrifum auk áhrifa á strandlengjuna en þar er um að ræða landfyllingar/sjóvarnir af stærðargráðunum ca. 300 m², 1450 m², 1700 m², 1800 m².

Áform skipulagsins eru ekki tilkynningarskyld né háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000) þó verður hugsanlegum áhrifum gerð grundvallar skil hér.

6.1 Umhverfisviðmið og tengsl við aðrar áætlanir

Eins og fram kemur í greinargerð tillögunnar er áætlunin í samræmi við gildandi Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028 og er stuðst við umhverfisviðmið þess. Skipulagið nær ekki til annarra áætlana. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið og því eru engin gildandi ákvæði sem ná til þess önnur en aðalskipulagsákvæði.

Þau lög sem stuðst er við eru:

- Lög um umhverfismat áætlana (nr. 105/2006)
- Skipulags- og byggingarlög (nr. 73/1997)

6.2 Umhverfispættir

Þeir umhverfispættir sem lagðir eru til grundvallar umhverfismati þessu voru valdir út frá hugsanlegum áhrifum áætlunarinnar, aðrir þættir sem ekki eru taldir verða fyrir neinum áhrifum er því sleppt. Eftirfarandi þættir voru metnir:

	áhrif	skýring
vistkerfi - líf í sjó ▪ vistgerðir og/eða búsvæði	óveruleg	Búsvæði lífvera í sjó verður skert að e-u leiti en áhrifin eru talin óveruleg þar sem um eiginlega landmótun er að ræða á þegar raskaðri strandlengju.
heilsa og öryggi - öryggi ▪ samfélagsöryggi	talsverð jákvæð	Gera má ráð fyrir beinum áhrifum áætlunarinnar á umferðaröryggi gangandi og akandi vegfarenda með nýrri Snorragötu og nýjum göngustígum.
hagrænir og félagslegir þættir - byggð og efnisleg verðmæti ▪ atvinnuhúsnæði	talsverð jákvæð	Fyrirhugaðar byggingar eru taldar styrkja stöðir ferðaþjónustu á Siglufirði, þ.e. hótél og Sildarminjasafnið. Áætlunin er því talin jákvæð fyrir samfélagið og verðmætaskapandi.

▪ samgöngumannvirki	talsverð jákvæð	Áætlunin gerir ráð fyrir breikkun, malbikun og hellulögn á Snorragötu. Einnig er ráðgert hringtorg á gatnamótum Snorragötu og Norðurtúns vegna aukinnar umferðar frá nýjum Héðinsfjarðargöngum.
náttúru- og menningarminjar - menningarminjar ▪ minjar og byggingar sem talda eru verðmætar vegna sögulegs eða menningarlegs gildis	talsverð jákvæð	Byggingar Síldarminjasafnsins hafa verið gerð upp eða endurgerð að eldri fyrirmyndum. Safnið stuðlar þannig að verndun sögulegra þátta sveitarfélagsins. Á tímum síldaráranna lágu bryggjur í sjó fram út frá núv. Snorragötu, enn má finna leifar þessara bryggja og er gert ráð fyrir að varðveita þær og greina frá sögu þeirra t.d. á skiltum.

6.3 Valkostir

Þeir valkostir sem til greina voru, er annars vegar líkleg þróun umhverfisins með framfylgd deiliskipulagstillögunnar og hins vegar líkleg þróun umhverfisins án þess að til komi nokkur breyting á núverandi stöðu (núllkostur).

Gerð hefur verið grein fyrir hugsanlegum áhrifum með framfylgd skipulagsins.

Með núllkosti má gera ráð fyrir að óverulegum áhrifum á alla þá umhverfisþætti sem lagðir voru til grundvallar.

6.4 Samantekt

Fyrirhugað deiliskipulag samræmist stefnu sveitarstjórnar eins og hún kemur fram í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í deiliskipulagstillögunni er leitast við að skapa heildstæða götamynd með áherslu á sögulegt gildi svæðisins. Aðgengi og umhverfisfrágangur við Snorragötu og Síldarminjasafnið verður bætt með göngustígum og áningarstöðum. Einnig mun öryggi gangandi og akandi vegfarenda aukast með sleppisvæðum fyrir rútur, auknum bílastæðum og nýju hringtorgi. Efnisleg verðmæti munu skapast með byggingu hótels og nýrra bygginga Síldarminjasafnsins auk þess sem það mun hafa jákvæð samfélagsleg áhrif.

Skipulagstillagan er talin hafa langvarandi jákvæð áhrif á flesta umhverfisþætti sem lagðir voru til grundvallar og er ekki talin þörf á sérstakri vöktun umhverfisþátta.

7 KYNNING OG SAMRÁÐ

Við gerð skipulagsins var samráð haft við eftirfarandi aðila:

- Forstöðumann Síldarminjasafnsins. Fundur var haldinn 28.02.2011.
- Siglingastofnun. Umsögn barst þann 10.03.2011.
- Vegagerðina. Fundur var haldinn 31.08.2010 vegna færslu Snorragötu og fyrirhugaðs hringtorgs.

Skipulagið mun vera kynnt íbúum með auglýsingu í staðarblaði og á heimasíðu sveitarfélagsins.

Skv. 40. gr. skipulagslaga 123/2010 skal sveitarstjórn gefa út s.k. lýsingu áður en skipulagsvinna hefst. Sveitarstjórn er þó heimilt að falla frá því þar sem allar meginforsendur skipulagsins liggja fyrir í Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028. Meginforsendur skipulagsins eru taldar eftirfarandi:

- ný lega Snorragötu
- hringtorg við gatnamót Norðurtúns og Snorragötu
- landfylling fyrir fyrirhugað hótél

Ofangreind atriði koma fram í samþykktu aðalskipulagi.

8 MÁLSMEÐFERÐ OG AFGREIÐSLA

Deiliskipulag þetta tekur gildi við auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni afgreiðslu í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagstillagan var kynnt í skipulagsnefnd þann _____ 2011 og lögð fram þann _____ 2011 og í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann _____.

Deiliskipulagstillagan var auglýst þann _____ 2011 með athugasemdafresti til _____.

____ athugasemdir bárust á auglýsingatímanum og voru þær teknar fyrir í skipulagsnefnd Fjallabyggðar þann _____ 2011.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar þann _____.


Deiliskipulagstillagan var samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann _____.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar hinn _____ 2011.

Bæjarstjóri Fjallabyggðar

Deiliskipulagið var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2011.

Fjallabyggð



www.fjallabyggd.is